ÁRSSKÝRSLA 2020

KADECO

KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY

Vettvangur samstarfs og þróunar

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, hefur það meginmarkmið að leiða samstarf íslenska ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll.

Félagið var stofnað árið 2006 og hafði umsjón með og seldi þær eignir sem Bandaríkin afhentu Íslandi við brottför varnarliðsins. Árið 2019 seldust síðustu húseignirnar og hófst þar með nýr kafli í sögu félagsins en sumarið 2019 undirrituðu ofangreindir aðilar viljayfirlýsingu um að vinna saman að heildstæðri stefnu og framtíðarsýn fyrir landsvæðin í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Kjarnaverkefni Kadeco er nú að leiða þetta samstarf um að auka virði svæðisins með skipulagningu nýs þróunarsvæðis við flugvöllinn.

Starfsfólk Kadeco. Gréta Björg Blængsdóttir, fjármála- og skrifstofustjóri, Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri, Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri og Guðmundur Kristján Jónsson, viðskipta- og þróunarstjóri.

Ávarp stjórnarformanns

Seigla, aðdráttarafl og sjálfbærni

Eftirvænting liggur í loftinu, himnarnir loga og við sjáum fyrir endann á heimsfaraldrinum Covid-19 sem einkenndi árið 2020. Þrátt fyrir að heimsfaraldurinn hafi haft gríðarleg efnahagsleg áhrif um allan heim dró ekki úr eldmóði stjórnar Kadeco fyrir kröftugu og nýju upphafi félagsins með breytt hlutverk.

Kadeco hefur nú verið falið að leiða samstarf ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll.

Starfsfólk Kadeco, undir forystu Pálma Freys Randverssonar, hefur unnið metnaðarfullt starf við undirbúning á alþjóðlegri hönnunarsamkeppni fyrir svæðið umhverfis Keflavíkurflugvöll. Krafturinn og eftirvæntingin fyrir komandi framtíð á þróunarsvæðinu hefur ekki leynt sér hjá kappsfullu starfsfólki félagsins.

Kadeco kynnti nýverið fyrirhugaða samkeppni um þróunaráætlun fyrir svæðið umhverfis Keflavíkurflugvöll til ársins 2050. Rík áhersla er lögð á að svæðið þróist í takt við samfélagið og að við uppbyggingu verði horft til styrkleika Suðurnesja og Íslands. Markmiðið er að fá fram heildstæða áætlun sem leggur grunn að þróunarkjarna fyrir atvinnulíf og samfélag á Suðurnesjum.

Steinunn Sigvaldadóttir, formaður stjórnar

Reykjanesið er lykilsvæði þegar kemur að efnahagsuppbyggingu þjóðarinnar. Á komandi áratugum verður stefnt að því að styrkja svæðið sem atvinnusvæði með því að laða að alþjóðleg fyrirtæki og fjárfesta. Með þróun og uppbyggingu fjölbreytts viðskiptaumhverfis mun Kadeco leitast við að tryggja efnahagslega **seiglu** svæðisins og stuðla að því að það verði alþjóðlega samkeppnishæft.

Eftir því sem samfélagið á Suðurnesjum verður stærra og fjölbreyttara eykst eftirspurnin eftir nýjum og fjölbreyttum störfum sem henta íbúum af ólíkum uppruna, með ólíka menntun og reynslu. Í þróunarverkefnum Kadeco er lögð áhersla á að stuðla að auknu **aðdráttarafli** til búsetu, leiks og starfa, meðal annars með því að skapa ný tækifæri í atvinnu og afþreyingu.

Aðlögun að loftslagsbreytingum er grundvallaratriði til að tryggja langtíma árangur við uppbyggingu iðnaðar sem og vellíðan og hagsæld komandi kynslóða. Með því að styðja við umhverfislega **sjálfbærar** lausnir og nýta endurnýjanlega orkugjafa mun Kadeco sýna fordæmi og skapa hvata fyrir fyrirtæki, fjárfesta og aðra hagsmunaaðila á svæðinu til að standa við eigin skuldbindingar og skuldbindingar Íslands í umhverfis- og loftslagsmálum.

Að lokum vil ég þakka stjórnarfélögum mínum og starfsfólki Kadeco fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári og hlakka til að sjá verkefnið þróast og þroskast á komandi árum.

Steinunn Sigvaldadóttir,
stjórnarformaður Kadeco.

Stjórn Kadeco og framkvæmdastjóri. *Reynir Sævarsson, Ísak Ernir Kristinsson, Steinunn Sigvaldadóttir, formaður stjórnar, Elín Árnadóttir, Einar Jón Pálsson og Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri.*

Ávarp framkvæmdastjóra

Spennandi framtíðartækifæri

Árið 2020 var ár breytinga hjá Kadeco og fyrsta ár félagsins í nýju hlutverki sem samráðsvettvangur um þróun umfangsmikils svæðis umhverfis Keflavíkurflugvöll. Árið hefur verið óvenjulegt en okkur hefur gengið vel að tryggja framgang þeirra mikilvægu verkefna sem okkur er treyst fyrir.

Á árinu fengum við í lið með okkur öflugt sumarstarfsfólk sem sinnti tímabundnum verkefnum á skrifstofu félagsins, meðal annars við greiningu tækifæra svæðisins. Undir lok árs fjölgaði svo ennfremur í hópnum þegar Guðmundur Kristján Jónsson og Gréta Björg Blængsdóttir voru fastráðin hjá félaginu. Bjóðum við þau hjartanlega velkomin til starfa.

Nú styttist í forval fyrir hönnunarsamkeppni um þróunaráætlun og við stefnum að því að kynna niðurstöður fyrir lok árs 2021. Stór alþjóðleg fyrirtæki hafa sýnt verkefninu áhuga og við erum spennt að sjá þær hugmyndir sem koma fram í ferlinu. Mikilvægur hluti vinnunnar er samráð og á árinu fengum við að borðinu fjölbreytt sjónarmið og hugmyndir frá íbúum og ýmsum hagaðilum. Við munum halda þessu samráði áfram eftir því sem verkefninu vindur fram.

Við tókum þátt í Suðurnesjavettvangi með sveitarfélögunum á Suðurnesjum og Isavia. Markmið verkefnisins er að stuðla að sjálfbærri framtíð Suðurnesja sem er í takt við þær áherslur sem við munum kalla eftir í okkar þróunaráætlun. Fjöldi fólks tók þátt og undir lok árs átti sér stað þýðingarmikil undirritun allra bakhjarla um hröðun innleiðingar hringrásarhagkerfis á Suðurnesjum.

Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á atvinnulíf við flugvelli víða um heim og er Keflavíkurflugvöllur engin undantekning. Þau flugvallarsvæði sem hafa orðið fyrir minni áhrifum eiga það sameiginlegt að búa yfir öflugum innviðum fyrir vöruflutninga. Við sjáum því mikil tækifæri í uppbyggingu tengdri vöruflutningum við Keflavíkurflugvöll sem stuðlað gæti að auknum stöðugleika atvinnusvæðisins sem Reykjanesið er.

Í vinnu okkar við mótun þróunaráætlunar þurfum við að koma auga á ný tækifæri og gera ráð fyrir þeim þegar við hugsum til framtíðar. Augljósu tækifærin eru til að mynda hótel, bílaleigur og, í íslensku samhengi, starfsemi tengd fiskútflutningi. Gætu til dæmis legið tækifæri í því að byggja hér upp vöruhús fyrir lækningavörur frá Asíu þaðan sem hægt væri að flytja þær til Evrópu og Ameríku eftir þörfum? Er svæðið við Keflavíkurflugvöll ekki ákjósanleg staðsetning fyrir rafhlöðuframleiðendur sem vilja staðsetja sig við alþjóðaflugvöll og stórskipahöfn?

Eldgosið í Geldingadölum er góð birtingarmynd styrkleikans og kraftsins sem býr í Íslandi og á Reykjanesinu. Á svæðinu eru ótal tækifæri og kvikur jarðvegur sem hefur mikil áhrif á tilveru okkar allra. Reykjanesið er UNESCO jarðvangur, fyrst og fremst vegna þeirrar jarðvirkni sem þar fyrirfinnst. Mikil ábyrgð er fólgin í því að þróa svæði innan jarðvangs. Við munum nálgast verkefnið af virðingu og hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Við ætlum að byggja á styrkleikum Reykjanessins. Staðsetning landsins á milli heimsálfa og næg endurnýjanleg orka eru þar mikilvægustu þættirnir.

Það eru forréttindi að fá tækifæri til að fást við þessi verkefni sem okkur hjá Kadeco eru falin. Við erum fyrst og fremst að hugsa langt fram í tímann og reyna að sjá fyrir okkur hvernig við búum Suðurnesin og Ísland best undir komandi framtíð. Undanfarið höfum við fengið kraftmiklar áminningar um það hversu ófyrirsjáanleg framtíðin getur verið. Nú eru yfirstandandi heimsfaraldur af stærðargráðu sem hefur ekki komið upp í yfir 100 ár og eldgos á svæði þar sem ekki hefur gosið í 800 ár. Við sem hugsum til langrar framtíðar fylgjumst vel með áhrifum atburða sem þessara, reynum að læra af þeim og þeir opna augu okkar fyrir nýjum tækifærum. Við gerum áætlanir en þurfum líka að vera sveigjanleg og geta brugðist við hinu óvænta. Það er ómögulegt að spá fyrir um hvernig framtíðin verður en einmitt það gerir verkefnin okkar svo spennandi.

Pálmi Freyr Randversson,
framkvæmdastjóri Kadeco.

Rekstur og afkoma

Ársreikningur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Kadeco, fyrir árið 2020 var samþykktur af stjórn og framkvæmdastjóra þann 7. apríl 2021 og áritaður af ríkisendurskoðanda sama dag.

Rekstrarreikningur 2020
Rekstrartekjur Kadeco árið 2020 námu 12,0 millj. kr. og greinast í tekjur af innheimtu lóðarleigu 8,9 millj. kr. og 3,1 millj. kr. vegna endurrukkunar útlagðs kostnaðar.

Gjöld ársins án fjármagnsliða námu 205,6 millj. kr. og greinast í launakostnað 73,7 millj. kr., annan rekstrarkostnað 130,5 millj. kr. og afskriftir 1,4 millj. kr.

Tap félagsins fyrir fjármagnsliði nam 193,6 millj. kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru jákvæð um 23,3 millj. kr. og greinast þannig að vaxtatekjur námu 30,2 millj. kr., gengishagnaður nam 8,1 millj. kr. og vaxtagjöld námu 13 þús. kr. Meðal fjármagnsgjalda er færð 15 millj. kr. niðurfærsla á eignarhlut félagsins í Keili en hlutafé Keilis var lækkað á móti tapi og nýir hluthafar komu að félaginu og eignarhluturinn metinn verðlaus í árslok 2020. Tap fyrir tekjuskatt nam 170,3 millj. kr. og að teknu tilliti til neikvæðs tekjuskatts að fjárhæð 2,9 millj. kr. nam tap ársins 173,3 millj. kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 82,6 millj. kr. árið 2019.

Efnahagur 31. desember 2020
Heildareignir félagsins í árslok 2020 námu 2.083,8 millj. kr. og fastafjármunir námu 0,9 millj. kr. Veltufjármunir voru 2.082,9 millj. kr. og langstærstur hluti í formi handbærs fjár eða 2.071,1 millj. kr. Heildarskuldir félagsins voru í árslok 2020 samkvæmt efnahagsreikningi 193,1 millj. kr. þar af voru 170,6 millj. kr. skuld við ríkissjóð vegna innheimtrar lóðarleigu að frádregnum útlögðum kostnaði.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020
Handbært fé til rekstrar nam 134,2 millj. kr. á árinu 2020. Engar eignafærslur voru á árinu 2020 og fjárfestingarhreyfingar því 0 kr. Fjármögnunarhreyfingar eru jákvæðar um 170,6 millj. kr. og tengjast skuld félagsins vegna innheimtu lóðaleigu. Handbært fé hækkaði því um 36,3 millj. kr. á árinu eða úr 2.034,7 millj. kr. í 2.071,1 millj. kr.

Helstu viðburðir 2020

Desember 2019

Samkomulag um samvinnu vegna lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar.
Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar og Elín Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Isavia, undirrituðu samkomulagið.

Janúar 2020

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Reykjanesbær
Isavia
KADECO
KEFLAVIK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY
Suðurnesjabær

Í kjölfar samkomulags um nýtt hlutverk Kadeco, að leiða samvinnu um þróun lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar, var ný stjórn valin. Í stjórn sitja nú fulltrúar allra aðila samkomulagsins; íslenska ríkisins, Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Isavia.

Febrúar 2020

Pálmi Freyr Randversson ráðinn nýr framkvæmdastjóri Kadeco. Pálmi tók til starfa í mars 2020.

Maí 2020

Alta ráðgjöf og Max Hirsh, sérfræðingur í byggðaþróun við flugvelli, voru fengin til að aðstoða Kadeco við mótun verklýsingar og forsendugreiningar.

Júní 2020

Aðalfundur. Steinunn Sigvaldadóttir tekur við sem stjórnarformaður. Kynningarfundur fyrir bakhjarla verkefnisins og helstu hagaðila um breyttar áherslur í starfsemi Kadeco.

Samráðsfundir með fjölda hagaðila, meðal annars Reykjanesbæ, Reykjanes-höfnum, Suðurnesjabæ, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Isavia.

September 2020

Samráðsfundur með fulltrúum Reykjanesbæj-ar, Suðurnesjabæjar og Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Haust 2020

Samráðsfundir um forsendugreiningu með lykilhaghöfum.

Fjarvinnustofa með hagaðilum á sviði vöru-flutninga.

Nóvember 2020

Niðurstöður úr Suðurnesjavettvangi kynntar og fundur haldinn um sjálfbæra framtíð Suðurnesja þar sem 140 manns tóku þátt í fjörlegum umræðuhópum. Kadeco er á meðal þátttakenda í samkomulagi um að hraða inn-leiðingu hringrásarhagkerfis á Suðurnesjum.

Helstu viðburðir 2021

Janúar 2021

Nýtt starfsfólk. Guðmundur Kristján Jónsson var ráðinn í stöðu viðskipta- og þróunarstjóra og Gréta Björg Blængsdóttir í stöðu fjármála- og skrifstofustjóra.

Kynning á alþjóðlegri samkeppni um þróunarsvæðið við Keflavíkurflugvöll hefst.

Febrúar 2021

Yfir 200 fagaðilar víða um heim fylgdust með opnum kynningarfundi Kadeco vegna fyrirhugaðs hönnunarútboðs.

Febrúar-maí 2021

zoom

Microsoft Teams

Google Meet

Viðræður við fyrirtæki sem sýna áhuga á þátttöku í hönnunarsamkeppni.

Mars 2021

Könnun meðal íbúa og fyrirtækja á Suðurnesjum um tækifærin á svæðinu. Niðurstöðurnar verða nýttar í undirbúningsgögn fyrir hönnunarsamkeppni.

Apríl 2021

Samráðsfundur með fulltrúum Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Maí 2021

Forval auglýst á evrópska útboðsvefnum.

Júní 2021

Fimm aðilum boðið að taka þátt í samkeppni að undangengnu forvali.

Júní-nóvember 2021

Áframhaldandi samráð við hagaðila og unnið með þátttakendum í samkeppni.

Desember 2021

Niðurstaða samkeppni kynnt.

Vel heppnuð byggðarþróun við flugvelli

Mynd: City Airport Train

AirportCity Vienna

AirportCity Vienna samanstendur af viðskiptaumhverfi flugvallarins í Vínarborg. Félagið er í eigu flugvallaryfirvalda sem byggja til eignar skrifstofuhúsnæði og aðrar byggingar á svæðinu og leigja af þeim afnot. Á svæðinu má finna nútímalega heilsugæslu, hótel og skrifstofur en auk þess heldur AirportCity Vienna meðal annars utan um framtíðarskipulag vöruflutningamiðstöðvar við flugvöllinn og bílastæðahús.

Flugvöllurinn er í 15 km fjarlægð frá miðborg Vínar, 50 km frá Bratislava og markaðssetur sig sömuleiðis sem flugvöll í nágrenni við Budapest (288 km) og Prag (338 km). Hægt er að ná á 65 tengiflugvelli á undir 2 klst. frá VIE.

Almenningssamgöngum er gert mjög hátt undir höfði á flugvellinum í Vín, bæði fyrir þau sem starfa í flugvallarborginni en sömuleiðis fyrir ferðamenn. Á lestarstöðinni í miðborginni má skila af sér ferðatöskum sem eru þá forskráðar í flug jafnvel 24 klst. fyrir brottför, sem er kostur fyrir fólk með mikinn farangur.

Mynd: SADC

Amsterdam Airport Area

SADC (Schiphol Area Development Company) sér um þróun Amsterdam Airport Area við Schiphol flugvöll. SADC var stofnað árið 1987 með það markmið að nýta sem best möguleika Amsterdam borgar og Schiphol flugvallar og styrkja þannig samkeppnisstöðu svæðisins bæði innan Hollands og alþjóðlega. Áhersla er lögð á góðar tengingar á milli Schiphol flugvallar og tveggja stórra viðskiptahafna, Amsterdam hafnar og Rotterdam hafnar. Aðrar mikilvægar viðskiptamiðstöðvar við flugvöllinn eru Greenport Aalsmeer, einn stærsti plöntu- og blómamarkaður heims og netmiðstöðin AMS-IX.

Mismunandi svæði standa viðskiptavinum til boða þar sem áhersla er meðal annars lögð á vöruflutninga, græna orku og umhverfisvæn gagnaver auk þess sem unnið er að uppbyggingu sérstakrar miðstöðvar fyrir hringrásarhagkerfi.

SADC er í jafnri eigu fjögurra aðila, sveitarfélagsins Haarlemmermeer, Amsterdam borgar, Norður-Hollands fylkis og flugvallarrekandans Schiphol Group.

Mynd: Jeffrey Jacobs

Memphis Aerotropolis

Þróun flugvallarborgar umhverfis Memphis flugvöll er samstarfsverkefni Memphisborgar og The U.S. Department of Housing and Urban Development (HUD). Samstarfið byggir á þeirri forsendu að flugvöllurinn og starfsemi tengd honum sé ein af grunnstoðum hagvaxtar og farsællar framtíðarþróunar á svæðinu. Mikill fjöldi íbúa Memphis og nágrennis starfar á flugvellinum eða í tengdri starfsemi og þá sérstaklega við vöruflutninga. Memphis flugvöllur er umsvifamesti flugvöllur á sviði vöruflutninga í Norður-Ameríku og sá næst umsvifamesti á því sviði í heiminum, á eftir Hong Kong. Vöruflutningafyrirtækið FedEx er með sína stærstu starfsstöð á flugvellinum, FedEx Express World Hub eða FedEx Superhub eins og hún er oft kölluð. Vegna umfangsmikillar vöruflutningastarfsemi stóð Memphis flugvöllur betur að vígi en flestir flugvellir í Bandaríkjunum þegar heimsfaraldur Covid-19 skall á. Þrátt fyrir að farþegaflug um flugvöllinn hafi minnkað um 56% árið 2020 (úr 4,6 milljónum farþega í 2 milljónir), jukust vöruflutningar og tekjur af þeirri starfsemi milduðu áhrifin af tekjutapi vegna farþegaflugs.

Mynd: Sasaki

Denver's Global Gateway

Þróunaráætlun nærumhverfis alþjóðaflugvallarins í Denver nær yfir u.þ.b. 65 ferkílómetra svæði og er afrakstur áralangrar vinnu hagsmunaðila á svæðinu. Enginn flugvöllur í Bandaríkjunum býr yfir stærra þróunarsvæði og miða áætlanir flugvallaryfirvalda að því að geta tekið við 100 milljónum farþega árlega á 12 flugbrautum þegar flugvöllurinn telst fullbyggður. Denver's Global Gateway skiptist upp í fimm mismunandi þróunarsvæði meðfram aðalsamgönguæð flugvallarins og er hverju svæði ætlað að fanga ólík tækifæri í viðskipta- og atvinnuþróun svæðisins. Verkefninu er áfangaskipt og nær fyrsti áfangi sem nú er í framkvæmd yfir u.þ.b. fjögurra ferkílómetra svæði undir verslun og þjónustu í nágrenni flugstöðvarinnar. Rík áhersla er lögð á sjálfbæra þróun innan hvers þróunarsvæðis, gott aðgengi að almenningssamgöngum og metnaðarfulla hönnun bygginga og alls umhverfis. Fjármögnun innviða á þróunarsvæðum er tryggð með nokkurskonar innviðagjöldum sem ætlað er að tryggja áhættudreifingu á milli einkaaðila og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Einstakt tækifæri í atvinnumálum á Reykjanesi

Kadeco, í samstarfi við Isavia, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og fjármálaráðuneytið hefur verið falið að vinna þróunaráætlun og skipulag á svæðinu í kringum Keflavíkurflugvöll, sem geti orðið drifkraftur aukinnar atvinnustarfsemi á svæðinu og landinu öllu til næstu áratuga.

Leiðarljós

Þróunaráætlunin leggi grunn að öflugu svæðismarki og þróunarkjarna fyrir atvinnulíf og samfélag. Það gerir hún með því að taka mið af þörfum íslensks samfélags, þróun í flugmálum, tækifærum svæðisins til framtíðar, loftslagsmálum og sjálfbærri þróun. Þróunaráætlunin skapi umhverfi sem líklegt sé til að laða að fjárfesta og fjölbreytta atvinnustarfsemi – verði öflugur vettvangur nýsköpunar og þróunar og samráðsvettvangur við íbúa og atvinnulíf.
Til eru góð dæmi um þróunarsvæði í kringum alþjóðaflugvelli eins og Schiphol, Heathrow, Gardermoen og Helsinki-Vantaa, þar sem fjölbreytt og ábatasöm starfsemi hefur sprottið upp í kringum flugvallarsvæði. Þessi flugvallarsvæði eiga það öll sameiginlegt að uppbygging þeirra byggir á vel ígrunduðum skipulags- og þróunaráætlunum, sem taka mið af sérstöðu hvers svæðis, staðsetningu þess, staðbundnum auðlindum og tækifærum þeim tengdum. Því er afar mikilvægt að vel sé til vandað við gerð þróunaráætlunar Kadeco og lærdómur dreginn af þeim erlendu fordæmum sem best eru talin.

Fyrsti áfanginn við gerð þróunaráætlunarinnar er alþjóðlegt samkeppnisútboð um mótun grunnstoða hennar, þar sem Kadeco mun fá til liðs við sig öfluga aðila með reynslu af skipulagi og uppbyggingu á alþjóðlegum flugvallarsvæðum, hliðstæðum Keflavík. Byggt verði á núverandi og fyrirsjáanlegum notum af Keflavíkurflugvelli, innviðum á og við flugvöllinn, samhengi við nærsamfélögin, Reykjanes UNESCO Global Geopark, höfuðborgarsvæðinu, sem og Íslandi í heild. Velt verði upp tækifærum m.t.t. Keflavíkurflugvallar og staðsetningar hans í tengslum við framangreint, mögulegra breytinga í ferðahegðun og annarra þátta svo sem fyrirsjáanlegra breytinga tengdum loftslagsmálum. Leiðarljós við gerð þróunaráætlunarinnar verði seigla (e. resilience) og byggt á hugmyndafræði um sjálfbæra þróun.

Samráð og samvinna

Gerð þróunaráætlunarinnar er afar metnaðarfullt verkefni sem ætlað er að efla alþjóðlega samkeppnishæfni Keflavíkurflugvallar og Reykjanessins í heild og auka aðdráttarafl þess til búsetu, starfa og heimsókna eins og þegar er komið fram. Liður í því að vel takist til er að þekkja vel þarfir og væntingar íbúa og atvinnulífs og nýta við gerð þróunaráætlunarinnar. Kadeco hefur því komið upp formlegum samráðsvettvangi sem hefur það markmið að virkja íbúa og atvinnulíf til samtals og samstarfs við mótun þróunaráætlunarinnar. Samráðsvettvangurinn verði einnig nýttur til að kynna þessum aðilum gang verkefnisins á meðan því vindur fram og síðan áfram um uppbyggingu þegar samþykkt þróunaráætlun liggur fyrir.

Með stofnun þessa samráðsvettvangs fer Kadeco að fordæmi m.a. Schiphol og Heathrow flugvalla en markvisst íbúasamráð hefur verið viðhaft á báðum svæðum, sem hluti af þróun þessara flugvalla og umhverfis þeirra.

Hér standa Kadeco, fyrirtæki við flugvöllinn, samfélagið á Suðurnesjum og reyndar landsmenn allir frammi fyrir sjaldgæfu tækifæri til að leggja á ráðin um farsæla framtíð. Samtal þessara aðila er lykilþáttur í að grípa tækifærið.

Halldóra Hreggviðsdóttir,
framkvæmdastjóri Alta ráðgjafar.

KADECO

KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY

WWW.KADECO.IS